



Skólanámskrá 2018 – 2019



II. hluti Nám og kennsla 1. bekkur

Umsjónarkennari
Birna Marín Aðalsteinsdóttir

Efnisyfirlit

BAKGRUNNSUPPLÝSINGAR	3
LYKILHÆFNI Í 1. BEKK	3
SAMÞÆTTING NÁMSGREINA	4
ÚTINÁM	4
SÖNGSTUND Á SAL	4
ÍSLENSKA	4
MÁLFRÆÐI	6
RITUN	6
TALAÐ MÁL, HLUSTUN OG ÁHORF	7
STÆRÐFRÆÐI	7
AÐ GETA SPURT OG SVARAÐ MEÐ STÆRÐFRÆÐI	8
AÐ KUNNA AÐ FARA MEÐ TUNGUMÁL OG VERKFRÆÐI STÆRÐFRÆÐINNAR	8
VINNUBRÖGD OG BEITING STÆRÐFRÆÐINNAR	8
TÖLUR OG REIKNINGUR	8
ALGEBRA	9
RÚMFRÆÐI OG MÆLINGAR	9
TÖLFRÆÐI OG LÍKINDI	9
NÁTTÚRUFRÆÐI, UMHVERFISMENNT OG SAMFÉLAGSFRÆÐI	10
TRÚARBRAGÐAFRÆÐI	10
LÍFSLEIKNI	11
SMIÐJUR	12
HEIMILISFRÆÐI	12
SMÍÐI	12
TEXTÍLMENNT	13
MYNDMENNT	14
VÍSINDI	15
SPIL	15
LISTSKÖPUN	16
ÚTIVERA	17
FJÖLVAL	17
SKÓLAÍÞRÓTTIR	18
ÍÞRÓTTIR.....	18
SUND.....	18
DANS.....	19

Bakgrunnsupplýsingar

Í 1. bekk eru 20 nemendur, 9 drengir og 11 stúlkur. Alls fá nemendur 30 kennslustundir á viku. Umsjónarkennari í 1. bekk er Birna Marín Aðalsteinsdóttir. Aukakennari er Teresa Birna Björnsdóttir. Stuðningsfulltrúi er Alexía Ósk Sigurðardóttir. Renata Agnes Edwardsdóttir og Helga Eiríksdóttir sjá um sérkennslu. Brynja Rúnarsdóttir kennir dans, Jón Ásgeir Þorvaldsson kennir sund og Daníel Örn Baldvinsson kennir íþróttir. Smiðjukennarar eru Aðalheiður Ósk Tobíasdóttir spil, Birna Marín Aðalsteinsdóttir útivera, Elísabet Kjartansdóttir textílmenn, Hildur Ósk Indriðadóttir heimilisfræði, Ragnar Birkir Bjarkarson myndmennt, Renata Agnes Edwardsdóttir listsköpun, Sigríður Sigurðardóttir smíði og Teresa Birna Björnsdóttir vísindasmiðja.

Viðmiðunarstundaskrá

Íslenska	10 tímar
Stærðfræði	6 tímar
Samfélags- og náttúrugreinar	2 tímar
Smiðjur	4 tímar
Sund	1 tími
Íþróttir	1 tími
Tónmennt (forskóli)	2 tímar
Útikennsla	2 tímar
Fjölval	1 tími
Dans	1 tími
Samtals:	30 tímar á viku

Lykilhæfni í 1. bekk

Lykilhæfnin skiptist í fimm þætti sem lagðir eru til í Aðalnámskrá. Allir þættirnir fimm eru jafn mikilvægir en farið er misjafnlega djúpt í þá eftir aldri nemenda. Mat á lykilhæfni fer fram að hausti og vori í öllum árgöngum. Matið er framkvæmt í Mentor og birt foreldrum á fjölskylduvef. Foreldrar og nemendur meta einnig lykilhæfni í Mentor og farið er yfir mat allra aðila á samtalsdegi í maí.

Þættirnir fimm eru eftirfarandi:

1. **Tjáning og miðlun:** Tekur þátt í samræðum. Hlustar á aðra. Tjáir sig í umræðum.
2. **Skapandi og gagnrýnin hugsun:** Sýnir frumkvæði. Er skapandi við vinnu og lausn verkefna.
3. **Sjálfstæði og samvinna:** Vinnur vel með öðrum. Er virkur í hópstarfi og leggur sitt að mörkum. Fer eftir viðeigandi fyrirmælum.
4. **Nýting miðla og upplýsinga:** Aflar sér upplýsinga á fjölbreytta vegu. Miðlar upplýsingum til annarra.
5. **Ábyrgð og mat á eigin námi:** Fylgir fyrirmælum. Leggur mat á vinnu sína. Nýtir tíma sinn vel til vinnu.

Sambætting námsgreina

Námsgreinarnar fléttast saman á margvíslegan hátt. Í samfélagsfræði og stærðfræði þjálfast nemendur jafnframt í íslensku þar sem þeir þurfa að lesa og skrifa. Í íslensku kemur fyrir að nemendur beiti stærðfræði. Lífsleikni kemur mikið við í flestum námsgreinum þar sem reynir á samskiptahæfni og tillitssemi. Byrjendalæsi er regnhlífarhugtak yfir sambættingu námsgreina þar sem sífellt er verið að tvinnna saman margar námsgreinar.

Útinám

Við leggjum áherslu á að tengja nemendur við nánasta umhverfi sitt og nýtum umhverfi skólans og útikennslusvæðið Narfakotsseylu í nám og kennslu. Útinám er sambætt nám sem getur tengst öllum námsgreinum. Stefnt er að því að fara að meðaltali einu sinni í viku út í 80 mínútur í senn.

Söngstund á sal

Í vetur hefur sú nýbreytni verið gerð að þrjá morgna koma nemendur saman í sal skólans í söngstund. Stundin byrjar kl. 8.10 og nemendur eru í um 20 mínútur á sal ásamt starfsfólki. Í söngstundinni læra nemendur ný lög í hverri viku undir stjórn kennara og starfsfólks. Stefnt er að því að blanda saman þjóðlögum, lögum sem fest hafa sig í sessi hjá þjóðinni og nýlegum lögum. Á föstudögum eru afmælisbörn vikunnar eru kölluð upp og sunginn er fyrir þau afmælissöngur.

Íslenska

Hæfniviðmið

Að nemendur:

- nái valdi á frumpáttum móðurmáls, þ.e. töluðu máli, hlustun, lestri og ritun, eftir því sem þroski þeirra leyfir.
- rækti með sér virðingu fyrir málinu og geti tjáð skoðanir sínar.

Eftirfarandi eru viðmið í lestri við lok 1. bekkjar:

	90% viðmið	50% viðmið	25% viðmið
1. bekkur	20 orð á mínútu	55 orð á mínútu	75 orð á mínútu

Viðmið 1: Stefnt er að því að 90% nemenda nái viðmiðinu. Viðmið 2: Stefnt er að því að 50% nemenda nái viðmiðinu. Viðmið 3: Stefnt er að því að 25% nemenda nái viðmiðinu.

Lestur og bókmenntir

Markmið

Að nemendur geti:

- beitt aðferðum við umskráningu hljóða og stafa þannig að lestur verði lipur og skýr.
- nýtt góðan orðaforða við að skilja texta.
- tengt þekkingu sína og reynslu við lesefni í því skyni að ná merkingu þess.
- lesið ævintýri, sögur og ljóð ætlað börnum.
- beitt hugtökum eins og persónu, söguþræði, umhverfi og boðskap.
- beitt fáeinum algengum hugtökum í bragfræði svo sem rími, kvæði, vísu og ljóðlínu.
- lesið úr tákmyndum og myndrænu efni, svo sem einföldum skýringarmyndum, kortum og myndritum.

Kennsluefni/kennslugögn

Listin að lesa og skrifa-léttlestarbækur og spil, Ritrún, sérvaldar gæða barnabækur og ýmsar lestrarbækur sem henta getu hvers og eins. Nemendur vinna í vinnubókum, Listin að lesa og skrifa samhliða stafainnlögn. Ýmis lesskilningsverkefni. Gagnvirk vefefni og smáforrit fyrir spjaldtölvur. Nemendur lesi og hlusti á ýmiskonar sögur, ævintýri, þjóðsögur, ljóð og fleira.

Kennsluhættir

Einstaklings- para- og hópavinna. Einnig er beitt kennsluáferðum Byrjendalæsis. Kennari les gæðatexta fyrir nemendur. Bókin er endurlesin og rætt um merkingu og merkileg orð til að auka orðaforða nemenda. Því næst er lykilorð valið og í því eru 2 stafir sem á að vinna sérstaklega með.

Unnið er með valið lykilorð úr gæðatexta sem verið er að vinna með skilyrði er að lykilorðið innihaldi þá stafi sem á að leggja inn. Eins ef verið er að vinna með samsett orð þá þarf lykilorðið að vera samsett orð. Við leikum okkur með orðið finnum orð í orðinu og að lokum ruglum við stöfunum og reynum að búa til ný orð. Stefnt er að því að leggja inn tvo stafi á viku. Unnin er ýmiss vinna með stafinn eins og til dæmis að leira hann, klippa hann út og perla. Reynt er að höfða til sem flestra skilningarvita barnanna. Í framhaldinu fer fram fjölbreytt vinna með þann texta sem lagður var til grundvallar í upphafi vikunnar. Verkefnin eru unnin í paravinnu sem einstaklingsverkefni og í misstórum hópum. Reynt er að koma til móts við þarfir hvers og eins. Má þar nefna ýmis spil þar sem m.a. er unnið með stafsetningu, lestur, hugtakakort, sundurgreiningu, tengingu, orðaforða, stafina, ritun og skrift.

Námsmat

Staða nemenda er metin á fyrstu vikum skólagöngunnar. Með stafakönnunum annars vegar og lestrarkönnunum hins vegar fyrir þá sem eru lengra komnir. Leið til læsis skimunarpróf er lagt fyrir í byrjun október. Þar er könnuð hæfni nemenda í hljóðkerfisvitund, stafapekkingu og málþroska. Lestrarkannanir verða lagðar fyrir á 6-8 vikna fresti. Í þessum könnunum erum við að mæla framfarir

í leshraða. Vinna nemenda verður metin eftir virkni í tímum, vinnubrögðum í einstaklings- og hópavinnu, framförum, frumkvæði og sköpun.

Málfræði

Að nemandi geti:

- beitt töluðu máli og rituðu af öryggi og ráði yfir orðaforða og málskilningi sem hæfir þroska.
- þekkt, fundið helstu einingar málsins, svo sem bókstafi, hljóð, orð, samsett orð og málsgrein.
- raðað í stafrófsröð og gert sér grein fyrir notagildi þess við leit og skipulag.
- greint mun á samnöfnum og sérnöfnum og geti m.a. bent á þau í eigin texta.
- leikið sér með orð og merkingu, svo sem með því að ríma, og fara í orðaleiki.
- valið bók eða annað lesefni og lesið sér til ánægju.
- þekki algeng hugtök í bragfræði svo sem rím, vísu og erindi.

Kennsluefni/kennslugögn

Listin að lesa og skrifa, lestarbækur og spil, Ritrún, verkefni úr byrjendalæsi, ýmis önnur verkefni og ljósrituð hefti frá kennara. Gagnvirk verkefni og smáforrit fyrir spjaldtölvur.

Kennsluhættir

Verkefnavinna í skóla. Einstaklingsvinna og hópavinna, sjá einnig Byrjendalæsi hér að ofan.

Námsmat

Símat á framförum, virkni, vinnubrögðum jafnt í einstaklings- og hópavinnu.

Ritun

Að nemandi geti:

- dregið rétt til stafs og skrifað skýrt og læsilega.
- nýtt í ritun þekkingu á grunnþáttum í byggingu texta, svo sem upphafi, meginmáli og niðurlagi.
- samið texta frá eigin brjósti, svo sem sögu, frásögn, ljóð eða skilaboð.
- þroskað og þjálfað samhæfingu augna og handa, sjónar, heyrnar og snertiskyns
- skrifað og leyft öðrum að njóta þess með upplestri eða lestri.

Kennsluefni/kennslugögn

Listin að lesa og skrifa vinnubækur, heimaskriftarblöð og ritunarverkefni.

Kennsluhættir

Skrift lögð inn og nemendur þjálfaðir í að draga rétt til stafs, án línu. Nemendur skrifa í úrklippubækur, stílabækur og á stafablöð.

Námsmat

Vinna nemenda verður metin eftir virkni í tímum, vinnubrögðum í einstaklings- og hópvinnu. Hvort þeir dragi rétt til stafs, sýni framfarir, frumkvæði og sköpun. Heimavinna verður einnig metin.

Talað mál, hlustun og áhorf

Að nemandi geti:

- beitt skýrum og áheyrilegum framburði og nýtt sér leiðbeiningar og aðstoð við að bæta framburð og framsögn.
- tjáð sig með aðstoð leikrænnar tjáningar frammi fyrir hópi og staðið fyrir máli sínu.
- sagt frá eftirminnilegum atburði og lýst ákveðnu fyrirbæri. Endursagt efni sem hlustað hefur verið á eða lesið.
- hlustað og horft með athygli og skilningi á upplestur, leikið efni, ljóð og söngva og greint frá upplifun sinni.
- átt góð samskipti, hlustað og sýnt kurteisi.

Kennsluefni/kennslugögn/kennsluhættir

Frásagnir, endursagnir og upplestur úr eigin verkum og annarra. Umræður í stærri og minni hópum og listræn tjáning.

Námsmat

Leiðsagnarmat yfir veturinn þar sem metin verða skapandi vinnubrögð, ástundun, frágangur, framfarir og frumkvæði.

Stærðfræði

Hæfniviðmið

Að nemendur:

- öðlist skilning á grunnhugtökum stærðfræðinnar.
- geti notað tungumál stærðfræðinnar og notað verkfæri hennar.
- þrói jákvætt viðhorf og hafi trú á eigin getu.

Að nemandi kunni:

- talnaskrift
- heiti helstu forma; ferhyrning \square , þríhyrning Δ , hring o og ferning \square
- samlagningu og frádrátt

- að vinna á talnalínu
- flokkun hluta og talna
- hugtökin „stærri en“, „minni en“ og „jafnt og“ og táknið fyrir þau, $< = >$
- að nota peninga
- að gera súlurit
- á spilastokk
- einfalda speglun
- hvað stendur á bak við hugtökin tugur og einingar og sætisgildi þeirra
- á klukkuna; heilu og hálfu tímana
- að þekkja tölurnar upp í 20
- odda- og sléttar tölur
- tímamælingar

Að geta spurt og svarað með stærðfræði

Að nemandi geti:

- tekið þátt í samræðum um spurningar og svör sem eru einkennandi fyrir stærðfræði
- leyst stærðfræðiþrautir sem gefa tækifæri til að beita innsæi, notað ápreifanlega hluti og eigin skýringarmyndir
- túlkað einföld myndrit, talnalínur og teikningar sem tengjast umhverfi hans og daglegu lífi

Að kunna að fara með tungumál og verkfræði stærðfræðinnar

Að nemandi geti:

- túlkað og notað einföld stærðfræðitákn, þar með talið tölur og aðgerðamerki og tengt þau við daglegt mál.
- tekið þátt í samræðum um stærðfræðileg verkefni.
- notað hentug verkfæri, þar með talin hlutbundin gögn, reiknirit, talnalínu, vasareikna og tölur, til rannsókna á stærðfræðilegum viðfangsefnum.

Vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar

Að nemandi geti:

- tekið þátt í að þróa fjölbreyttar lausnaleyðir, með því m.a. að nota hlutbundin gögn og teikningar.
- kannað og rannsakað með því að setja fram tilgátur og gera tilraunir með ápreifanlegum gögnum.
- unnið í samvinnu við aðra að lausnum stærðfræðiverkefna, þar sem byggt er á hugmyndum nemenda.
- notað stærðfræði til að finna lausnir á verkefnum sem takast þarf á við í daglegu lífi og gerir sér grein fyrir verðgildi peninga.

Tölur og reikningur

Að nemandi geti:

- notað náttúrulegar tölur, raðað þeim og borið saman.
- reiknað með náttúrulegum tölum á hlutbundinn og óhlutbundinn hátt.
- tekið þátt í að þróa hentugar aðferðir sem byggja á eigin skilning við að reikna samlagningar- og frádráttardæmi.

Algebra

Að nemandi geti:

- kannað, búið til og tjáð sig um reglur í mynstrum á fjölbreyttan hátt.

Rúmfræði og mælingar

Að nemandi geti:

- notað hugtök úr rúmfræði, s.s. um form, stærðir og staðsetningu til að tala um hluti og fyrirbrigði í daglegu lífi og umhverfi sínu.

Tölfræði og líkindi

Að nemandi geti

- talið, flokkað og skráð, lesið úr niðurstöðum sínum og sett upp einföld myndrit.
- safnað gögnum í umhverfi sínu og um eigið áhugasvið.
- tekið þátt í umræðum um tilviljanir og líkur, s.s. hvað er líklegt að muni gerast og hvað er tilviljunum háð.

Kennsluefni/kennslugögn

Sproti 1a og 1b nemendahefti og æfingahefti, Sproti 2a nemendahefti og æfingahefti að kafla 5, Viltu reyna, gagnvirkt vefefni, stærðfræðismáforrit fyrir spjaldtölvur, verkefnablöð frá kennara, talnagrindur, einingakubbar, rökkubbar, sætisgildiskubbar, speglar, reglustikur, málbönd, teningar, kennslupeningar, smáhlutasafn, ýmis spil o.fl.

Kennsluhættir

Lögð er rík áhersla á talnaskrift í upphafi skólaárs. Innlögn á nýju efni, umræður, leitarnám, þrautalausnir, hlutbundin verkefni, einstaklingsverkefni og hópavinnu. Þá er unnið eftir stærðfræði byggð á skilningi barna.

Námsmat

Staða nemenda er metin á fyrstu vikum skólagöngunnar. Símat er í gangi allt skólaárið þar sem kannanir eru lagðar fyrir reglulega sem segja til um hvort nemandinn hafi náð að tileinka sér efnið. Jafnframt eru nemendur metnir eftir virkni í tímum, vinnubrögðum í einstaklings- og hópavinnu, framförum, frumkvæði og sköpun.

Náttúrufræði, umhverfismennt og samfélagsfræði

Hæfniviðmið

Stefnt er að því að nemendur:

- þekki helstu íslensku húsdýrin.
- læri að bera virðingu fyrir náttúrunni.
- átti sig á því hvað einkennir lifandi verur.
- þekki helstu árstíðir og áhrif þeirra á gróður, skordýr og umhverfi.
- læri um veðrið og sólina.
- læri um gerð líkamans, starfsemi hans og þarfir.
- öðlist þekkingu á sínu nánasta umhverfi, kynnist heimabyggð sinni og sögu hennar.
- læri helstu umferðarreglur og umferðarmerki.
- læri að þekkja íslenska fánann.
- læri almennar samskiptareglur.
- læri að vinna saman í hópum.
- fari út í vettvangsferðir og þjálfist í að vinna margskonar verkefni utandyra.

Kennsluefni/ kennslugögn

Komdu og skoðaðu bækurnar (umhverfið og líkamann), sögurammi í umferðafræðslu, kennsluvefir, verkefni frá kennara og myndbönd.

Kennsluhættir

Einstaklingsverkefni, hópavinna, vettvangsferðir, útinám og þemavinna.

Námsmat

Vinna nemenda verður metin eftir virkni í tímum, vinnubrögðum í einstaklings- og hópavinnu, framförum, frumkvæði og sköpun.

Trúarbragðafræði

Hæfniviðmið

Stefnt er að því að nemendur:

- læri um ólíka siði og venjur í heiminum þ.á.m. af hverju Íslendingar halda jóla og páska.
- takist á við siðfræðilegar vangaveltur s.s. muninn á réttu og röngu, mínu og þínu og gildi fyrirgefningarinnar.

Kennsluefni/ kennslugögn

Flettitafla, ýmis verkefni og verkefnablöð frá kennara.

Kennsluhættir

Unnin eru einstaklingsverkefni og hópavinna. Náminu er ætlað að víkka sjóndeildarhring nemenda, byggja upp þekkingu og efla samfélagsvitund þeirra.

Námsmat

Vinna nemenda verður metin eftir virkni í tímum, vinnubrögðum í einstaklings- og hópvinnu, framförum, frumkvæði og sköpun.

Lífsleikni

Hæfniviðmið

Stefnt er að því að nemendur:

- læri að bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum.
- læri að efla með sér samkennd og setja sig í spor annarra.
- læri að koma fram við aðra eins og þeir vilja láta koma fram við sig.
- öðlist aukna samskiptahæfileika og félagsfærni.
- átti sig á því að allir geta eitthvað og að enginn getur allt
- sýni kurteisi og tillitssemi í umgengni við aðra
- þjálfist í því að hlusta á aðra
- efli með sér tilfinningaþroska eins og að greina í sundur ýmsar tilfinningar
- geri sér grein fyrir að ýmislegt getur haft áhrif á líðan þeirra
- læri að vinna saman í hópum

Kennsluhættir

Bekkjárfundir, framsögn, einstaklingsvinna, umræður, hópavinna, hlutverkaleikir.

Námsmat

Vinna nemenda verður metin eftir þátttöku í umræðum, vinnubrögðum í einstaklings- og hópvinnu, framförum, frumkvæði og sköpun.

Smíðjur

Heimilisfræði

Hæfniviðmið

Að nemendur geti:

- unnið eftir einföldu ferli frá hugmynd til afurðar.
- útbúið með aðstoð einfaldar og hollar máltíðir.
- sagt frá helstu hættum sem fylgja vinnu í eldhúsi.
- tekið þátt í samvinnu og hópavinnu.
- gert sér grein fyrir mikilvægi hreinlætis.
- áttað sig á gildi þess að neyta hollrar fæðu.
- fræðst hvers vegna sumar fæðutegundir eru hollar og aðrar óhollar.
- þekkt og notað einföldustu eldhúsáhöld.
- farið eftir fyrirmælum og unnið eftir einföldum uppskriftum.
- tileinkað sér borðsiði.

Kennsluefni/kennslugögn

Verkefnabók ásamt uppskriftum frá kennara.

Kennsluhættir

Mest verður unnið í hópum en einstaka sinnum verður para- eða einstaklingsvinna.

Námsmat

Umsögn byggist á getu og kunnáttu nemenda. Farið er eftir umgengni og vinnubrögðum í kennslustund. Einnig eru hafðir í huga þættir eins og samvinna og hreinlæti.

Smíði

Hæfniviðmið:

Handverk

Að nemandinn geti:

- valið og notað nokkur verkfæri sem hæfa viðfangsefni á öruggan hátt

Hönnun og tækni

Að nemandinn geti:

- framkvæmt einfaldar samsetningar
- dregið einfalda skissu og tvívíða teikningu til að útskýra hugmyndir sínar

Umhverfi

Að nemandinn geti:

- beitt líkamanum rétt við vinnu sína
- sýnt góða nýtingu þeirra efna sem unnið er með

Kennslugögn

Bakkasög, skerstockkur, sandpappír 60-100-150, litir, MDF, fura, akrílmálning, tappar, naglar

Kennsluaðferðir

Stuttar innlagnir fyrir hóp eða einstakling, sýnikennsla, einstaklingsvinna

Námsmat

Námsmat byggist á formlegri umsögn: Vinnubrögðum (iðni, sjálfstæði, frumkvæði, leiðbeiningar), samskiptum (virðing, kurteisi, tillitssemi, umgengni, fyrirmæli) og mati á verkefnum.

Textílmennt

Hæfniviðmið

Að nemendur geti:

- skreytt textílvinnu á einfaldan hátt.
- gert grein fyrir mismunandi tegundum handverks og notað nokkur hugtök sem tengjast greininni.
- unnið einföld verkefni í hópi.
- tjáð sig á einfaldan hátt um viðfangsefni sitt.

Kennslugögn

Garn, efnisbútar, málning, lím, skæri, litir, nál, garn og fleira.

Kennsluhættir

- Nemendur hjálpast að
- Umræður
- Einstaklingsvinna

- Hópvinna
- Sýnikennsla

Námsmat

Umsögn byggist á getu og kunnáttu nemenda. Einnig eru hafðir í huga þættir eins og framfarir, sjálfstæði, frumkvæði, ástundun, vinnubrögð og samstarfshæfni. Verkefni eru metin í lokin með hliðsjón af ofantöldu. Námsmatið á að virka hvetjandi fyrir nemandann.

Myndmennt

Hæfniviðmið

Að nemandi:

- geti unnið út frá kveikju við eigin listsköpun.
- geti tjáð tilfinningar, skoðanir og hugmyndaheim sinn á einfaldan hátt.
- þekki grunnformin og frumlitina og þjálfist í meðferð lita og formfræði.
- geti fjallað um eigin verk og annara.
- geti greint á einfaldan hátt áhrif myndmáls í nærumhverfi hans.
- geti unnið eftir einföldu ferli frá hugmynd til afurðar.
- læri að ganga frá eftir vinnu sína.

Kennsluefni/kennslugögn

Skjávarpí og efni svo sem teikniverkfæri, litir, pappír og leir

Kennsluhættir

- Í myndlist er unnið markvisst með skynjun, greiningu og túlkun sem veitir nemendum forsendur til að sjá það sem þeir horfa á.
- Umræður um myndlist.
- Einstaklingsvinna.
- Hópvinna.

Námsmat

- byggist á formlegri umsögn: Vinnubrögðum, samskiptum og mati á verkefnum.

Vísindi

Hæfniviðmið

Að nemandi geti:

- útskýrt hugmyndir sínar fyrir samnemendum.
- gert athugun og tjáð hana.
- notað ápreifanlega hluti og eigin skýringamyndir til að útskýra fyrir öðrum.
- rökstutt niðurstöður sínar.
- safnað gögnum í umhverfi sínu og um eigið áhugasvið.
- þróað eigin tilraun út frá athugun eða innlögn.
- tekið tillit til annarra í hópavinnu og sýnt frumkvæði.
- sýnt ábyrga og örugga umgengni við vinnu og frágang.

Kennsluhættir

Stuttar innlagnir fyrir hóp eða einstakling, sýnikennsla, umræður, hópa- og einstaklingsvinna

Kennsluefni/kennslugögn

Verklags seðlar frá kennara, sjálfstæðar athuganir nemenda, tilfallandi efni til tilrauna.

Námsmat

Námsmat byggist á formlegri umsögn á þrem þáttum; vinnubrögðum, samskiptum og mati á verkefnum.

Spil

Hæfniviðmið

Að nemendur læri:

- samskipti við aðra
- að bera virðingu fyrir vinnu annarra
- að vinna saman í hóp

Kennsluefni/kennslugögn

Ýmis konar spil, bæði borðspil og venjulegir spilastokkar, samstæðuspil svo eitthvað sé nefnt. Enn fremur fá nemendur farveg í gegnum vinnu með sérstök forrit til að styrkja sköpunarkraft sinn og samstarfshæfileika.

Kennsluhættir

Einstaklings, pör og hópar vinna saman.

Námsmat

Símat sem byggir á frammistöðu í tímum.

Tekið er mið af:

- vinnusemi og virkri þátttöku
- sjálfstæði í vinnubrögðum
- framförum

Listsköpun

Hæfniviðmið

Að nemendur læri:

- Nemendur geta nýtt sér í eigin sköpun einfaldar útfærslur sem byggja á færni í meðferð lita- og formfræði og myndbyggingar.
- Nemendur geta útskýrt og sýnt vinnuferli sem felur í sér þróun frá hugmynd að myndverki.
- Nemendur geta fjallað um eigin verk og annarra.
- Nemendur geta skapað myndverk í ýmsum tilgangi með margvíslegum aðferðum.
- Nemendur geta unnið út frá kveikju við eigin listsköpun.
- Nemendur geta tjáð tilfinningar, skoðanir og hugmyndaheim sinn í myndverki á einfaldan hátt.
- Nemendur geta þekkt og notað hugtök og heiti sem tengjast lögmálum og aðferðum verkefna hverju sinni.

Kennslufni/kennslugögn

Endurnýtanlegur efniviður og fleira sem til fellur.

Kennsluhættir

Verkleg vinna.

Námsmat

Símat sem byggir á frammistöðu í tímum.

Tekið er mið af:

- Vinnusemi og virkri þátttöku
- Sjálfstæði í vinnubrögðum

Framförum og skapandi hugsun

Útivera

Hæfniviðmið

Að nemendur læri:

- góð samskipti við aðra
- að bera virðingu fyrir öðrum
- þekki nánasta umhverfi
- samgleðst öðrum

Kennsluefni/kennslugögn

Læra að þekkja hverfið og áhöld sem þarf að nota í mismunandi leikjum, s.s. boltar og sippubönd.

Kennsluhættir

Það verður farið út að ganga og í mismunandi leiki.

Námsmat

Símat sem byggir á frammistöðu í tímum.

Tekið er mið af:

- vinnusemi og virkri þátttöku
- samskiptum við samnemendur
- jákvæðni

Fjölval

Kennslulýsing: Nemendum á yngsta stigi er skipt í 6 hóp. Í þessum hópum er brotið upp hefðbundið skólastarf og leitast eftir að hafa fjölbreytt viðfangsefni fyrir hvern hóp. Hóparnir byrja á því að fara einu sinni á hverja stöð og að því loknu geta nemendur valið sér stöð vikulega.

Markmið:

- Að nemendur öðlist reynslu í starfi með ólíkum aldurshópum.
- Að viðfangsefni verði fjölbreytt og við hæfi allra nemenda.
- Að virkja áhuga og vinnusemi nemenda.
- Að nemendur öðlist nýja sýn á skólastarfið þar sem nýbreytni er ríkjandi.

Þannig er stuðlað að eftirfarandi þáttum í lykilhæfni aðalnámskrá grunnskóla, að nemandi við lok 4. bekkjar geti:

- tekið þátt í samræðum og tjáð sig í samskiptum við aðra.
- sýnt frumkvæði og verið skapandi í vinnu og lausn verkefna.
- verið sjálfstæður og virkur í hópastarfi.
- geti aflað sér og miðlað upplýsingum á fjölbreyttan hátt.
- fylgt fyrirmælum og læri að nýta tíma sinn vel til vinnu.

Skólaíþróttir

Íþróttir

Hæfniviðmið

Að nemendur geti:

- gert hreyfingar sem reyna á hreyfijafnvægi.
- sýnt einfaldar hreyfingar sem reyna á lipurð og samhæfingu.
- unnið með þær tilfinningar sem fylgja því að vinna og tapa í leikjum.
- skilið skipulagshugtök í skólaíþróttum og fari eftir leikreglum.
- gert sér grein fyrir eigin líkamsvitund og einkastöðum líkamans.

Kennsluefni/Kennslugögn

Stór og smá áhöld til íþróttaiðkunar.

Kennsluhættir

Flestir tímar verða í formi leikja ásamt því að nemendur fara í stöðvaþjálfun tengdar hinum ýmsu greinum. Einnig verður farið yfir sem flestar íþróttagreinar og þær kynntar með leikjaformi.

Nemendum er skylt að koma með leikfimisföt og handklæði í hvern tíma og fara í sturtu að honum loknum.

Námsmat

Metið er frumkvæði nemanda, hæfni þeirra til að nota þekkingu og leikni í tímum og beita gagnrýninni hugsun. Nemendur þurfa að sýna öðrum virðingu og góða framkomu. Nemendur þurfa að vinna sjálfstætt, í samstarfi við aðra og undir leiðsögn. Einnig er skoðað hæfni nemanda til að bera ábyrgð á sínu námi ásamt því að gera sjálfsmat um frammistöðu sína í leikfimi.

Nemendur fá umsögn hver sé færni nemanda í sprellikarli, langstökk án atrennu og að sippa. Nemendur fá kynningu á fjölþrepaprófi.

Gefið er ágætt (Á), gott (G), sæmilegt (S) eða þarf að æfa betur (B). Nemendur fá vitnisburð í lok skólaárs úr öllum prófum sem þeir hafa tekið á skólaárinu.

Sund

Hæfniviðmið

Að nemendur:

- upplifi sund á jákvæðan hátt og fái æfingar við sitt hæfi. Mikið er lagt upp úr aðlögun og leik á þessu stigi

- geti framkvæmt æfingar sem bæta þrek og styrk, ásamt því að efla leikræna tjáningu og sköpun
- geti unnið með þær tilfinningar sem fylgja því að vinna og tapa í leikjum.
- geti skilið ýmis orð og hugtök sem tengjast sundi
- kunni helstu umgengisreglur sundstaða, hreinlæti, sundfatnað og öryggi

Einnig er miðað við að nemendur:

- geti staðið í botni, andað að sér og blásið frá sér í kafi. Endurtekið 10 sinnum.
- geti flotið á bringu eða baki, með eða án hjálpartækja.
- geti farið í kaf
- geti hoppað af bakka út í sundlaug, með eða án hjálpartækja.
- geti framkvæmt skriðsundsfótatök við bakka, með eða án hjálpartækja.
- geti framkvæmt bringusundsfótatök við bakka, með eða án hjálpartækja.
- geti bjargað sjálfum sér í laug og kallað eftir hjálp

Kennslufni/ Kennslugögn

Sundgleraugu, núðlur, flár, blöðkur, kafhringir, flotdýnur, prik, boltar, áhöld sem notuð eru við björgun í vatni ásamt fleiru.

Kennsluhættir

Verkleg kennsla, sýnikennsla, einstaklingsvinna og hópavinna. Farið verður í fjölbreytta leiki og æfingar framkvæmdar sem auka sundfærni nemenda ásamt því að bæta þrek og styrk.

Nemendur skulu mæta með sundföt, handklæði og sundgleraugu í hvern tíma.

Námsmat

Nemendur verða metnir út frá færni, umgengni, framförum og áhuga. Einnig þurfa nemendur að geta unnið með öðrum, sýnt jákvætt viðhorf og tekið leiðsögn. Sundfærni nemenda er metin jafnt og þétt allt skólaárið og umsögn gefin um við lok hvernar annar. Einnig fá nemendur skjal á vorin sem segir hvaða hæfniviðmiðum nemandi hefur lokið. Gefið er ágætt (Á), gott (G), sæmilegt (S) eða þarf að æfa betur (Þ).

Dans

Hæfniviðmið

Að nemendur:

- öðlist öryggi til þess að tjá sig í hreyfingu við tónlist

- taki þátt í hreyfileikjum (gangi í röð, í hring og læri hoppspor)
- kunni skil á hægri og vinstri, hæl og tál, fram og aftur
- þekki og skynji einföld hreyfimyndir s.s. hring, röð og línu
- læri að vinna sjálfstætt og með öðrum

Kennsluefni/kennslugögn

Tónlist, myndbönd, spil, boltar, húllahringir, stólar ofl.

Kennsluhættir

Verkleg kennsla, sýnikennsla, einstaklingsvinna, paravinna og hópavinna. Nemendur þjálfast í að fara eftir fyrirmælum, vinna sjálfstætt og með öðrum.

Námsmat

Nemendur verða metnir út frá færni, umgengni, hegðun, framförum og áhuga. Einnig þurfa nemendur að geta unnið með öðrum, sýnt jákvætt viðhorf og tekið leiðsögn. Færni nemenda er metin jafnt og þétt allt skólaárið og umsögn gefin um við lok hverrar annar.